

***Innflutningur á rafmagnsheyrnartíðnimögnum**

***Tollflokkun**

Úrskurður nr. 5/1998

Í máli þessu var ágreiningur um tollflokkun á rafmagnsheyrnartíðnimögnum. Í úrskurði tollstjóra var varan flokkuð í tnr. 8518.4009. Kærandi krafðist þess að varan yrði tollflokkuð í tnr. 8518.4001. Ríkistollanefnd staðfesti tollflokkun tollstjóra á vörunni.

Lög nr. 55/1987 32. gr., 100. gr., 101. gr. og 6. almenna túlkunarregla.
Auglýsing nr. 114/1992.

Með bréfi, dags. 16. ágúst 1998, en móttækin hjá ríkistollanefnd 18. s.m., kærði A, úrskurð tollstjórans í R nr. 4/1998, dags. 18. júní 1998. Í hinum kærða úrskurði eru rafmagnsheyrnartíðnimagnarar, af gerðinni Cloud CX-A-200, CX-A4 og CX-A6, úrskurðaðir í tnr. 8518.4009. Kærandi gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð í tnr. 8518.4001. Varan kom til landsins í sendingu númer F 451 03 05 8 GB LHR W694.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra kemur meðal annars fram að gerð hafi verið athugasemd af hálfu endurskoðunaræildar tollstjóraembættisins varðandi tollflokkun á mögnurum í ofangreindri sendingu. Í lauslegri lýsingu tollstjóra á tækjunum kemur fram að magnararnir eru eins að undanskildu útgangsaflí annars vegar og rásafjölda hins vegar. Inngangur („input“) í tækin eru fyrir XLR-tengi en beinar vírfestingar („bananatengi“) fyrir hátalara („output“). Þeir eru í stálkössum án sérstakrar styrkingar á hornum og ekki með handföngum til flutnings.

Tollstjóri vitnar til dreifibréfs ríkistollstjóra, dags. 24. febrúar 1993, en í því er m.a. kveðið á um útlit og búnað tækja sem tollflokkast í tnr. 8518.4001. Í bréfinu komi fram að á tækjum sem tollflokkast í tnr. 8518.4001 þurfi bæði inn- og útgangstengi að vera fyrir 6 mm kló og/eða XLR-tengi ætluð fyrir hljóðfæri eða hátalara. Í dreifibréfinu sé kveðið skýrt á um að það sé ófrávíkjanleg regla að tæki sem flokkist í tollskrárnúmer 8518.4001 séu sérstaklega hönnuð til þess að vera notuð í tengslum við hljóðfæri eða söngkerfi til hljóðfæraleiks og söngs. Þá er gert ráð fyrir því að um slíka magnara sé búið í rammbyggðum boxum vegna stöðugs flutnings þeirra.

Tollstjóri telur að magnarar þeir sem hér er deilt um tollflokkun á séu til varanlegrar uppsetningar í skápum eða sem hluti af hljómtækjastæðum og þá einkum ætlaðir til mögnunar og dreifingar á tónlist og tali fyrir verslunarmiðstöðvar og skemmtisvæði, sbr. upplýsingabæklinga framleiðanda.

Embættið úrskurðaði samkvæmt 100. gr. tollalaga nr. 55/1987 að framangreindir magnarar af gerðunum CLOUD CX-A200, CX-A4 og CX-A6 tollflokkist í tnr. 8518.4009.

Í kærðu A til nefndarinnar segir að ekki sé samræmi í hinum kærða úrskurði tollstjóra og eldri úrskurðar nr. 4/1997, dags. 29. maí 1997, er varðar sams konar búnað frá öðrum birgi. Því sé ekki annað að sjá en verið sé að mismuna framleiðendum sem eigi í samkeppni.

Kærandi telur að tæpast sé vinnandi eftir þeirri lýsingu er fram komi í dreifibréfi ríkistollstjóra, dags. 24. febrúar 1993, þar sem engin leið sé að skilja á milli annars vegar magnara ætlaða fyrir söngkerfi og hins vegar magnara ætlaða fyrir önnur hljóðkerfi. Flest söngkerfi séu byggð á tækjum sem sett eru í 19” tækjaskápa (rammgerða) er hafa tilheyrandi hlífur á hornum til flutnings. Erlendis séu slíkir skápar eða kassar nefndir „flightcase“ og hér gangi þeir undir heitinu „flugkistur“. Ennfremur að magnarar ætlaðir fyrir söngkerfi séu nú til dags að jafnaði ekki með hlífðarhornum og í mörgum tilvikum ekki með Jack eða XLR tengjum fyrir hátalaraútganga, þar sem oftast sé gengið frá tengibúnaði fyrir hátalara í fyrnefnda tækjaskápa (flugkistur), undantekning eru t.d. gítarmagnarar sem eru ætlaðir fyrir lítil söngkerfi.

Kærandi telur að ef þessari flokkun verði haldið til streitu megi reikna með að seljendur hljóðkerfa selji magnara þá er tollflokkast sem „magnarar fyrir söngkerfi“ til nota við fast uppsett hljóðkerfi. Þetta sé raunar orðin venja sem viðgangist í dag þar sem ómögulegt sé að bjóða magnara sem ekki teljist nothæfir við söngkerfi, í samkeppni við magnara sem eru fluttir inn án tolls og vörugjalds þegar eini munurinn á þessum mögnurum er oft á tíðum einungis hátalaratengin en innkaupsverð er jafnan sambærilegt.

Kærandi telur að raunverulegur möguleiki sé að skilja á milli magnara til heimilisnota (consumer) annars vegar og magnara til faglegra nota (professional) þ.e. hljóðkerfa hins vegar. Að hans mati sé algerlega vonlaust að skilja á milli magnarabúnaðar til hljóðkerfanota (hvort sem er söngkerfi eða ekki), þetta eigi einnig við um hátalara. Hann óskar eftir því að ríkistollanefnd beiti sér fyrir því að gerðar verði leiðbeiningar sem starfsmönnum tollstjóraembættisins sé mögulegt að vinna eftir.

Ríkistollanefnd sendi kæruna til ríkistollstjóra og óskaði eftir skriflegri greinargerð hans. Í greinargerð hans segir að bæði í úrskurði tollstjóra og eins í kærðu til ríkistollanefndar sé vísað í dreifibréf ríkistollstjóra frá 24. febrúar 1993 um tollflokkun á m.a. mögnurum fyrir hljóðfæri og söngkerfi. Í 2. mgr. bréfsins segi: „Af orðalagi nefndra tollskrárnúmera leiðir, að ófrávíkjanlegt skilyrði er að viðkomandi vörur, magnarar og hátalarar, séu

sérstaklega hannaðir af framleiðanda til þess að vera notaðar í tengslum við hljóðfæri eða söngkerfi til hljóðfæraleiks og söngs. Sé því skilyrði ekki fullnægt teljast þær til almennra nota og ber að flokka í önnur tollskrárnúmer...“ Þetta sé í fullu samræmi við 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár um að flokkun byggist á orðalagi vöruliða og undirliða og tilheyrandi athugasemda.

Þá komi fram í úrskurði tollstjóra að magnarar þessir séu hannaðir til nota við mögnun og dreifingu á tónlist og tali fyrir verslunarmiðstöðvar og skemmtisvæði. Þeir eru því ekki sérstaklega hannaðir til nota fyrir hljóðfæri og söngkerfi. Þegar af þeirri ástæðu geti þeir ekki flokkast í tollskrárnúmer 8518.4001 og skipti þá engu máli hvort þeir líkist einhverjum mögnurum sem þar flokkast eða ekki.

Ríkistollstjóri krefst þess með vísun til þessa og að öðru leyti með vísun í forsendur hins kærða úrskurðar tollstjóra, að hann verði staðfestur.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um þetta mál og nefndarmenn kynnt sér gögn er að því lúta. Rafmagnsheyrnartíðnimagnarar þeir sem hér er deilt um tollflokkun á eru af Cloud gerð. Í gögnum er fylgdu kærinni kemur fram að þeir eru sérstaklega hannaðir með tilliti til þess að passa við Cloud Zone mixer m.a. til notkunar í margskiptu (multizone) skemmti- og verslunarhúsnæði. Allir þrír magnararnir henta vel þar sem mismunandi dagskrá með mismunandi styrk er notuð. Allir inngangar í þá eru jafnaðir (ballanced) til þess að koma í veg fyrir samtvinnun og í þá eru notaðir þriggja pinna XLR tengi. Hver inngangur hefur styrkstilli fyrir hvert XLR tengi. Útgangar eru tengdir með hertum tengjum, fyrir allt að 2,5 fermillimetra vír. Hægt er að tengja saman hvaða tvo útganga sem er. Magnararnir hafi viftu til kælingar og eru 4–6 rása.

Óumdeilt er að rafmagnsheyrnartíðnimagnarar þessir eru ekki útbúnir þeim tengjum sem upp eru talin í dreifibéfi ríkistollstjóra frá 24. febrúar 1993 en þar segir: „*Á sérbyggðum mögnurum á að vera innbyggð af framleiðanda sérstök innstunga, ein eða fleiri, fyrir 6 mm kló („jack“ 6 mm eða ¼ úr tommu) og/eða XLR-tengi fyrir hljóðfæri og hátalara. Magnarar þessir eru yfirleitt með innbyggðri viftu til kælingar.*“

Umrætt dreifibréf ríkistollstjóra var sent sýslumönnum og tollstjórum þar sem að óvissa hafði komið upp í framkvæmd varðandi vörusvið tollskrárnúmeranna 8518.2101, 8515.2201 og 8518.4001. Í dreifibréfinu er gerð nánari grein fyrir eiginleikum viðkomandi vöru en gerð er í auglýsingu nr. 114/1992 um breyting á viðauka við tollalög nr. 55/1987. Í bréfinu er m.a. að finna leiðbeiningar og lýsingu á þeim tengibúnaði sem sérhannaðir magnarar í tnr. 8518.4001 skuli búnir. Eins og áður segir eru magnarar þeir sem mál þetta snýst um ekki búnir þeim tengibúnaði sem þar er tilgreindur.

Samkvæmt 32. gr. tollalaga skal ríkistollstjóri m.a. gæta þess að samræmi sé í störfum tollstjóra og ákvörðunum. Þá skal hann setja þeim framkvæmda- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum. Umrætt dreifibréf er gefið út á grundvelli þessarar heimildar. Að mati nefndarinnar eru sjónarmið þau og leiðbeiningar sem fram koma í bréfinu skýr, málefnaleg og eðlileg þegar litið er til orðalags nefndrar auglýsingar varðandi umrædd vörusvið.

Með hliðsjón af ofanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjórans í R nr. 4/1998 um tollflokkun á rafmagnsheyrnartíðnimögnurum af Cloud gerð sem fluttir voru inn í sendingu númer F 451 03 05 8 GB LHR W694 skuli standa óbreyttur.